

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
09. apríl 2015 10.05.08	
Tilv.	_____

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 9. apríl 2015
UST201504-004/B.S.


Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi vegna virkjunar í Hafnardalsá við Ísafjarðardjúp


Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 30. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun Hafnardalsár við Ísafjarðardjúp. Fyrirhugað er að kanna rennsli árinna, berggrunn, lífríki og jarðfræði svæðisins. Framkvæmdar verða landmælingar, efniskönnun og aðrar yfirborðsrannsóknir sem ekki krefjast aðkomu stórvirkra vinnuvéla s. s. vegna borana.

Umhverfisstofnun telur að við rannsóknir á vatnasviði Hafnardalsár verði umferð um svæðið hagað þannig að ummerki verði sem minnst.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri